

Hverfisráð Kjalarness

Ár 2017, fimmtudaginn 17. ágúst var haldinn 155. fundur hverfisráðs Kjalarness. Fundurinn var haldinn í Miðgarði og hófst kl. 11.30. Viðstödd voru Sigríður Pétursdóttir, formaður, Eldey Huld Jónsdóttir, Ólafur Þór Zoega, Guðfinna Ármannsdóttir og Hafsteinn Númason. Auk þeirra sátu fundinn Jóna Björg Sætran, áheyrnarfulltrúi framsóknar- og flugvallarvina, Sigþór Magnússon áheyrnarfulltrúi íbúasamtaka Kjalarness, ásamt Ingibjörgu Sigurþórsdóttur, framkvæmdarstjóra Miðgarðs sem einnig ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Fram fer kynning um mengunarmál vegna matvælaframleiðslu á Kjalarnesi. Samþykkt að fá sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs á næsta fund hverfisráðs.

Bjarni Pálsson og Marteinn Másson taka sæti á fundinum undir þessum lið.
2. Fram fer kynning Leiktæki og aðstaða fyrir börn á Kjalarnesi. Vantar á leiktæki við leik- og grunnskólann. Almennt vantar líka fleiri leiktæki fyrir börn í hverfinu. Einhver leiktæki eru að koma inn 2017 vegna „Hverfið mitt“. Vantar einnig ný fótboltamörk.

Björgvin Þorsteinsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.
3. Fram fer kynning á stöðu verkefna í Hverfið mitt og framkvæmdir á árinu 2017.
4. Lagt fram svar frá USK dags. 3. júlí 2017 við fyrirspurn dags. 20. júní 2017 varðandi skilgreiningu á þéttbýli og dreifbýli. Hverfisráð kjalarness óskar eftir frekari útskýringum á hvort munur sé á þjónustu og réttarstöðu íbúa Reykjavíkur í þéttbýli og dreifbýli.
5. Lögð fram útskrift úr gerðarbók USK, dags. 21. júní 2017, varðandi Hof.

Fundi slitið kl. 12.50

Sigríður Pétursdóttir

Eldey Huld Jónsdóttir
Ólafur Zoega

Guðfinna Ármannsdóttir
Hafsteinn Númason